

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir orgel- og söngmálasjóð Bjarna Bjarnasonar á Skáney, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir orgel- og söngmálasjóð Bjarna Bjarnasonar á Skáney við Reykholtskirkju.

Sjóður þessi er stofnaður í tilefni af átræðisafmæli Bjarna Bjarnasonar forsöngvara á Skáney hinn 30. sept. 1964, og ber sjóðurinn um alla framtíð nafn hans. Sjóðurinn er eign Reykholtskirkju.

Stofnendur sjóðsins eru kirkjukór Reykholtskirkju, sóknarnefnd Reykholtssóknar, Kvenfélag Reykdæla og íbúar Reykholtssóknar, er vilja heiðra Bjarna Bjarnason á átræðisafmæli hans fyrir ómetanleg störf í þágu safnaðarins frá upphafi þessarar aldar.

Tekjur sjóðsins eru framlög stofnenda, opinber styrkur, er kann að verða veittur, gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að berast.

Aldrei má ganga á eign sjóðsins meira en svo, að eign hans nemi kr. 1000 — eitt þúsund krónum.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að kaupa nýtt og vandað orgel handa Reykholtskirkju, halda því við og endurnýja það um ókomna tíma. Er sá höfuðtilgangur sjóðsins.
2. Að vinna að eflingu kirkjusöngs og sönglífs almennt í Reykholtssókn.
3. Að styðja efnilega menn í sókninni til náms í orgelleik og söngstjórn með það fyrir augum, að þeir að námi loknu starfi í þágu Reykholtskirkju og safnaðarins í heild.

Sjóðurinn skal varðveittur í tryggri lánsstofnun. Einnig má ávaxta fé sjóðsins í tryggum verðbréfum, ef stjórn sjóðsins sýnist svo. Þó má aldrei festa í slíkum bréfum meira fé en svo, að nægilegt fé sé handbært til þarfa sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Kýs kirkjukór einn, en sóknarnefnd tvo. Sóknarprestur endurskoðar reikninga sjóðsins.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Einar Guðnason,
sóknarprestur.

Guðm. Bjarnason,
form. kirkjukórs Reykholtskirkju.

Gunnar Jónsson,
sóknarnefndarform.

Sveinbjörg Brandsdóttir,
form. Kvenfélags Reykdæla.